

Íþróttá- og Æskulýðsnefnd

97. fundur – 19. janúar 2023 kl 17:00 í íþróttahúsi Snæfellsbæjar

Fundarmenn: Jóhanna Jóhannesdóttir

Patryk Zolobow

Margret Eva Einarsdóttir

Gylfi Freyr Karlsson

Kristfríður Rós Stefánsdóttir (Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi) og Margret Vilhjálmsdóttir forfölluðust á seinustu stundu og ekki tókst að boða varamann. Formaður hitti íþróttá- og æskulýðsfulltrúa og fékk upplýsingar sem hún fór svo með á fundinn.

Formaður setti fundinn.

- Verkefnið Heilsueflandi samfélag kynnt fyrir nefndarmönnum. Í mars verður skrifað undir skjal sem staðfestir þátttöku og innleiðingu. Stýrihópur verður skipaður með aðilum frá stofnunum bæjarins.
- Gönguskíðabraut verður gerð þegar það kemur meiri snjór. Tæki í það verkefni eru til og vonandi verður hægt að gera braut á Hellissandi og Ólafsvík.
- Lífshlaupið er að fara af stað. Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi er búinn að vera að kynna það aðeins fyrir fyrirtækjum í bænum og hvetur alla til að taka þátt. Bæði lið og einstaklinga.
- Undirbúningur er hafinn fyrir nýja rennibraut í sundlaugina auk þess er forgangsatríði að laga aðgengi að íþróttamannvirkjum. Verið er að skoða lyftu til þess að auka aðgengi ofan í laugina sjálfa fyrir fólk með skerta hreyfigetu.
- Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi hefur verið að skoða hreyfitæki til þess að setja utandyra. Umræður sköpuðust um hvort betra væri að setja þau á síði og þá nokkur á eitt svæði eða hvort upprunalega hugmyndin um að setja þau á göngustíginn á milli Hellissands og Ólafsvíkur sé betri. Spurning hvernig framtíðar plön fyrir Síði séu og hvort það myndi henta.
- Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi hefur fengið fjármagn til þess að festa kaup á upplýsingaskjálum fyrir íþróttamannvirki, rafmagnsvæða aðgengi að mannvirkjunum og til þess að kaupa skápa í karlaklefa sundlaugarinnar en það eru til skápar fyrir kvennaklefan.
- Ungmennaráð hefur sótt um að vera með í Erasmus verkefni sem felur í sér að taka á móti krökkum á fræðsluþing auk þess að fara á fræðsluþing annars staðar. Kristfríður er þeim innan handar.

Önnur mál

- Ungmennafélagið hefur fengið 2 milljón króna styrk frá Snæfellsbæ til þess að setja á laggirnar rafíþróttadeild. Þau munu leigja búnað frá Elko til þess að byrja með. Húsnæðismál eru ennþá í vinnslu en munu vonandi skýrast á næstu dögum.

Fundi slitið kl 17:45